

LÖG FÉLAGS FJALLALEIÐSÖGUMANNA Á ÍSLANDI

1. gr. Um félagið

Félagið heitir Félag Fjallaleiðsögumanna á Íslandi, eða Association of Icelandic Mountain Guides og er skammstafað AIMG. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur félagsins er:

- Að verja almannaheill með því að stuðla að fagmennsku og öryggi í fjallaleiðsögn og tengdum greinum á Íslandi.
- Að halda uppi menntunar og starfsréttindakerfi fyrir fjallaleiðsögn og tengdar greinar.
- Að verja hagsmuni félagsmanna sem starfa við fjallaleiðsögn og tengdar greinar á Íslandi ásamt því að stuðla að öryggi og fagmennsku við fjallaleiðsögn á Íslandi.
- Að vekja vitund meðal almennings um félagið og mikilvægi fagmennsku í fjallaleiðsögn.

3. gr. Félagsaðild

Félagar geta þeir einir orðið sem náð hafa 18 ára aldri og hafa staðist próf félagsins til starfsréttinda í sinni grein. Stjórn félagsins er heimilt að veita þeim aðild sem hafa sambærileg réttindi annarsstaðar frá, enda uppfylli þau kröfur félagsins um menntun og reynslu samkvæmt námskrá félagsins. Atkvæðisbærir og kjörgengir eru þeir einir sem greitt hafa árgjald yfirstandandi starfsárs fyrir upphaf aðalfundar og hafa lokið öðru stigi eða hærra í einni eða fleiri greinum þjálfunarkerfis félagsins.

4 .gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa fimm félagsmenn sem kosnir eru á aðalfundi með leynilegri kosningu. Í stjórninni sitja formaður og fjórir meðstjórnendur, auk þriggja varamanna, sem kosnir eru á aðalfundi. Kosið er um formann sérstaklega, en stjórn skipar sér gjaldkera og ritara, sem jafnframt er varaformaður, til eins árs. Stjórn getur skipað nefndir eftir þörfum. Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðavægi þeirra segir til um. Séu þeir sjálfkjörnir, taki þeir sæti í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.

Kjörtímabil formanns og tveggja meðstjórnenda er tvö ár en tveggja meðstjórnenda eitt ár. Af þeim meðstjórnendum sem kosnir eru til tveggja ára gengur einn úr stjórn annað hvert ár. Stjórnarmenn sem ganga úr stjórn geta boðið sig fram til áframhaldandi setu.

Formaður skal ekki sitja lengur en sex ár samfellt. Formaður ritar firma félagsins. Formaður og gjaldkeri rita prókúru félagsins.

Stjórn skal halda fundi að lágmarki sex sinnum á ári. Stjórnarfundir eru bærir til þess að taka ákvarðanir í samræmi við lög félagsins ef fjórir stjórnarmenn eru viðstaddir. Varamanni skal veittur kostur á þátttöku á stjórnarfundum í forföllum stjórnarmanns, vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns.

Innan félagsins skal starfa ráðgefandi nefnd atvinnurekenda á starfsviði félagsins sem kemur óskum atvinnurekenda á framfæri við stjórn félagsins.

5. gr. Aðalfundur

Starfstímabil félagsins er almanaks árið og skal aðalfundur haldinn í febrúar ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins. Til hans skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Telst fundur löglegur sé hann auglýstur með sendingu fundarboðs í tölvupósti til skráðra félagsmanna skv. félagatali. Á fundinum gilda almenn fundarsköp og ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Kosning fundarstjóra sem síðan skipar fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar, undirritaðir af tveimur skoðunarmönnum.
4. Lagabreytingar.
5. Kjör formanns og meðstjórnenda.
6. Kjör uppstillingarnefndar.
7. Kjör tveggja skoðunarmanna ársreikninga.
8. Ákvörðun árgjalds næsta árs.
9. Önnur mál.

Atkvæðisbærir félagsmenn geta veitt öðrum félagsmönnum umboð til atkvæðagreiðslu í sínu nafni. Skal umboðið vera skriflegt og berast formanni uppstillingarnefndar í upphafi fundar. Enginn getur þó farið með umboð fleiri en eins manns. Umboð til atkvæðagreiðslu gildir einungis til greiðslu atkvæðis um þau málefni sem kynnt voru félagsmönnum með réttmætum hætti minnst viku fyrir aðalfund.

6. gr. Framboð og uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd skal vera skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á aðalfundi og skal kjósa formann hennar sérstaklega. Uppstillingarnefnd skal sjá til þess að framboð berist í allar lausar stöður og sjá um framkvæmd kosninga á aðalfundi. Uppstillingarnefnd skal auglýsa lausar stöður í stjórn. Einungis félagsmönnum sem skuldlausir eru við félagið er heimilt að bjóða sig fram til stjórnar.

Félagsmenn aðrir en einyrkjar mega ekki sitja í stjórn félagsins ef þeir eiga meira en 5% í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins eða sitja í stjórn þess fyrirtækis. Meirihluti stjórnar má heldur ekki vera við störf hjá sama atvinnurekanda.

Framboð til formanns eða meðstjórnenda félagsins þurfa að hafa borist uppstillingarnefnd minnst 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund og vera kynntar félagsmönnum með birtingu í fundarboði. Berist ekki framboð í öll laus embætti geta kjörgengir félagsmenn boðið sig fram í lausar stöður á aðalfundi eftir að kosningar um framkomin framboð hafa farið fram.

7. gr. Árgjald

Árgjald félagsins skal innheimt í janúar ár hvert fyrir komandi starfsár og skal upphæð þess ákveðin á aðalfundi.

8. gr. Lagabreytingar

Lagabreytingartillögur skal leggja fyrir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn minnst 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund og vera kynntar félagsmönnum með birtingu í fundarboði. Samþykktar lagabreytingar skal birta á heimasíðu félagsins eins fljótt eftir aðalfund og kostur er og taka þær þá gildi um leið.

9. gr. Slit félagsins

Eigi má slíta félaginu nema það sé samþykkt á tveimur félagsfundum sem boðað er til á sama hátt og til aðalfundar og haldnir eru með minnst mánaðar millibili enda hafi fundarefnis verið getið í fundarboði.

Sé félaginu slitið og starfsemi þess hætt, skulu allar eignir þess, lausa- og fastafjármunir fengnir Íslenska Alpaklúbbnum (Ísalp) til vörslu og umsjónar þar til félagið verður endurvakið eða annað félag með sama markmiði stofnað. Skal Ísalp fá hinu nýja félagi eignirnar í hendur er það óskar þess.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins 26 febrúar 2013 og öðlast gildi nú þegar.

Lagabreytingartillaga 4.gr. laga um varamenn í stjórn félagsins samþykkt á aðalfundi 16 sept. 2014.